

# FUNDARBOÐ – SKÁTAÞING 2022

SENT Á ALLA SKÁTA 16 ÁRA OG ELDRI SKV. FÉLAGATALI



Með bréfi þessu boðar stjórn Bandalags íslenskra skáta til Skátapings 2022.

Þingið verður haldið dagana **1.-3. apríl á Bifröst** og hefst með setningu kl. 18:00 föstudaginn 1. apríl og lýkur sunnudaginn 3. apríl kl. 15:00. Aðstaðan opnar kl. 16:00 og afhending þinggagna fer fram frá kl. 17:00.

Dagskrá þingsins er [skv. 21. grein laga BÍS](#) og [skv. 17. grein laga BÍS](#) skal kosningaár fara fram á sléttu ártali. Einnig er rétt að vekja sérstaka athygli á greinum 18-20 í lögum BÍS sem fjalla um Skátaping.

Allir starfandi skátar hafa rétt til að sitja Skátaping með málfrelsi og tillögurétt óháð aðildarleið. Skátar 16 ára og eldri geta farið með 1 atkvæði félags sem þau eru skráð í. Skátafélög eru hvött til að vekja athygli sinna skáta á þinginu. Öll sem hyggjast taka þátt skulu [skv. 18. grein laga BÍS](#) skrá sig á [skraning.skatar.nir.is](http://skraning.skatar.nir.is) fyrir 25. mars klukkan 18:00. Félagsforingjar eða annað stjórnarfolk skátafélaganna skal [skila kjörbréfum rafrænt](#) þar sem tilgreindir eru aðal- og varafulltrúar skátafélags á þinginu.

Þátttökugjald er 4.500 kr., innifalin eru þinggögn, léttar veitingar á föstudagskvöldi og báða morgna, hádegisverður á laugardegi og sunnudegi og almenn dagskrá sem verður boðið upp á samhliða þinginu.

Hægt verður að bóka herbergi og íbúðir til að gista í á Bifröst fyrir einstaklinga eða hópa og verður það auglýst sérstaklega þegar lokatala herbergja berst frá Bifröst. Einnig verður auglýstur sérstakur hátíðarkvöldverður á laugardegi þingsins. Öll skráning fyrir slíkt mun fara fram í Sportabler og verður eingöngu aðgengileg þeim sem skráð eru á Skátaping.

## Eftirtalin hlutverk eru laus til kjörs á Skátapingi 2022:

### Stjórn

Skátahöfðingi  
Gjaldkeri  
Fimm meðstjórnendur

### Annað

Fimm sæti í uppstillingarnefnd  
Þrjú félagslegir skoðunarmenn reikninga  
Löggiltur endurskoðandi

### Fastaráð

Þrjú sæti í alþjóðaráði  
Þrjú sæti í starfsráði  
Þrjú sæti í stjórn Skátaskólans  
Þrjú sæti í útilífsráði

### Kjörin á Ungmennapingi 2022

Áheyrnarfulltrúi ungmenna í stjórn BÍS  
Þrjú sæti í ungmennaráði

Framboðstilkynningar og tillögur um fólk í þessi hlutverk óskast sendar hið fyrsta og eigi síðar en 11. mars kl. 18:00 á uppstillingarnefnd á netfangið [uppstillingarnefnd@skatar.nir.is](mailto:uppstillingarnefnd@skatar.nir.is). Með fundarboði fylgir tilkynning frá uppstillingarnefnd þar sem má finna nánari upplýsingar og lýsingu á hverju hlutverki fyrir sig.



## Sérstök athygli er vakin á því að ekki er hægt að skila framboðum á þinginu sjálfu.

### Uppstillingarnefnd skipa:

Berglind Lilja Björnsdóttir	s. 659-1366	<a href="mailto:berglindliljab@gmail.com">berglindliljab@gmail.com</a>
Birgir Ómarsson	s. 895-7551	<a href="mailto:biggiomars@gmail.com">biggiomars@gmail.com</a>
Katrín Kemp Stefánsdóttir	s. 824-1865	<a href="mailto:katrinkemp@kopar.is">katrinkemp@kopar.is</a>
Sigurður Viktor Úlfarsson, form	s. 854-0074	<a href="mailto:siggiulfars@gmail.com">siggiulfars@gmail.com</a>
Sædís Ósk Helgadóttir	s. 661-6433	<a href="mailto:saedis@skatarnir.is">saedis@skatarnir.is</a>

## Mikilvægar dagsetningar fram að Skátapingi:

Rétt er að vekja athygli á eftirfarandi dagsetningum fram að þingi samkvæmt gildandi lögum BÍS.

- 1. mars kl. 00:01** – Fresti skátafélaga til að standa skil á gögnum til skrifstofu BÍS lýkur.
- 4. mars kl. 18:00** – Fresti til að skila tillögum að lagabreytingum til stjórnar BÍS lýkur.
- 11. mars kl. 18:00** – Fresti til að tilkynna framboð til uppstillingarnefndar lýkur.
- 11. mars kl. 18:00** – Fresti til að skila beiðnum um upptöku mála á Skátapingi til stjórnar BÍS lýkur.
- 15. mars kl. 18:00** – Fresti uppstillingarnefndar til að ljúka störfum lýkur.
- 18. mars kl. 18:00** – Fresti stjórnar BÍS til að senda félagsforingjum þinggögn, framboðslista og drög að dagskrá Skátapings lýkur.
- 25. mars kl. 18:00** – Fresti til að skila athugasemdum um útsend gögn til Skátamiðstöðvarinnar lýkur.
- 25. mars kl. 18:00** – Skráning á Skátaping lýkur
- 1. apríl kl. 18:00** – Skátafélög skulu afhenda kjörbréf. Skátaping er sett.

Upplýsingasiðu Skátapings má finna á [skatarnir.is/skatathing](http://skatarnir.is/skatathing) þar sem má finna allar upplýsingar um Skátaping í rauntíma, þangað verður gögnum hlaðið upp þegar þau berast og í síðasta lagi fyrir tilgreindan frest samkvæmt lögum. Öll þingögn verða aðgengileg þar á rafrænu formi þegar Skátaping verður sett.

Reykjavík 18. febrúar 2022  
Fyrir hönd stjórnar BÍS



Helga Þórey Júlíudóttir  
Framkvæmdastjóri BÍS

